

12. Stjórnarfundur Arnardrangs hses

18.03.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:00

Fundinn sátu: Fjóla St. Kristinsdóttir og Anton Kári Halldórsson. Ása Valdís Árnadóttir var fjarverandi
Frá Bergisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson

1. Uppbygging á nýju úrræði

Lögð var fram beiðni frá Bergisanum um nýtt búsetuúrræði á Hvolsvelli. Stjórn samþykkir að setja málið í gang og felur verkefnastjóra og skrifstofustjóra að taka málið áfram og hefja undirbúning.

2. Veiting prókúru til skrifstofustjóra

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bjarki R. Kristjánsson, kt. 111283-2149, verði prókúruhafi félagsins ásamt stjórnarformanni. Jafnframt er lagt til að önnur umboð verði afturkölluð

Stjórn samþykkir tillöguna

3. Önnur mál

Nauthagi verður afhentur að hluta til miðvikudaginn 20. mars en þá fer fram afhendingarúttekt innanhúss. Lokaúttekt fer svo fram 26. mars og lóðaskil eru áætluð í apríl/maí. Það mun þurfa þjónustu ýmissa iðnaðarmanna fyrst um sinn til að setja upp gardínur, hillur o.fl. smálegt. Íbúar og þeirra aðstandendur munu sjá um sín eigin rými og mun þörf í starfsmannarými og sameiginlegu rými vera metin þegar starfsemi hefst í húsinu

Lénið Arnardrangur.is hefur verið skráð

Skrifstofustjóri leggur fyrir stjórn að ræða og ákveða hvort þörf þyki á að efla opinbera ásýnd Arnardrangs með ýmsum hætti, s.s.:

- gera einkennismerki (logo) fyrir starfseminu, hvort sem er myndmerki eða orðmerki
- aukaorðmerki/slagorð fyrir starfseminu, hvort sem er hluti af aðaleinkennismerki eða sjálfstætt

Verkefnastjóra og skrifstofustjóra falið að meta þetta og koma með tillögur

Næsti fundur áætlaður 15. apríl

Fundi slitið klukkan 15:17

Undirritunarsíða

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Anton Kári Halldórsson